

AUGLÝSING

um friðland á ströndinni við Stapa og Hellna.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa ströndina við Stapa og Hellna í Breiðuvíkurbreppi, Snæfellsnessýslu, og er ströndin friðland.

Mörk friðlandsins eru eftirfarandi:

Vesturmörk eru frá Brúnkolluholti, um brún sjávarhamra fast ofan við fjöruna, að viki í Hellnavík stuttu norðan Gíslabæjar, en rétt sunnan bílastæðis. Þaðan fylgja mörkin veginum, sjávarmegin að Hellnahrauni og síðan að suðurmörkum sumarbústaðarlóðar (Hraunhamars) við hraunið og í því. Þá tekur við belti frá ströndinni að línu, sem dregin er 100 m norðan hins forna sýsluvegar, allt að austurjaðri Hellnahrauns. eftir það tekur við 50 m breitt belti meðfram ströndinni (sjávarhömrum) að vegi norðan við Eyri og fylgir honum suðvestur að heimreið við Eiríksbúð. Þaðan ræður heimreiðin að Eiríksbúð. Þá tekur við belti 15 m breitt frá ströndinni (sjávarhömrum) talið að læk, sem fellur undan Klifhrauni, en eftir það 100 m breitt belti með ströndinni (sjávarhömrum) að Grísafossá.

Sjávarmegin fylgja mörk friðlandsins stórstraumsfjöru. Auk þess teljast til friðlandsins öll sker, er liggja úti fyrir ströndinni.

Um friðlandið gilda eftirfarandi reglur:

1. Mannvirkjagerð og annað jarðrask er háð leyfi Náttúruverndarráðs.
2. Nýting núverandi húsakosts, útgerðaraðstöðu, túna og hlunninda á friðlandinu helst svo sem verið hefur.
3. Náttúruverndarráð og landeigendur hafa samráð um þau mál, sem varða hafnir, lendingu og sjóhús og aðstöðu til útræðis á friðlandinu, svo sem viðhald mannvirkja og umgengni.
4. Umferð gangandi manna um friðlandið er heimil. Óheimilt er að raska jarðmyndunum, trufla fuglalíf og skerða gróður. Þá er óheimilt að tjalda í friðlandinu. Náttúruverndarráð setur nánari reglur um réttindi og skyldur þeirra, sem um friðlandið fara.
5. Náttúruverndarráð stuðlar að því í samráði við landeigendur og aðra, sem hlut eiga að máli, að sögulegum minjum sé við haldið.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess, sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 355/1979 um friðland á ströndinni við Stapa og Hellna.

Menntamálaráðuneytið, 3. júní 1988.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Runólfur Þórarinnsson.

Fylgiskjal